

REGLUGERÐ

um holræsi í Breiðdalsvík, S.-Múlasýslu.

1. gr.

Pegar Breiðdalshreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða í sérstakt holræsi fyrir ofanjarðarvatn, ef gert er, samkvæmt fyriræmum byggingarfulltrúa. Vanræki einhver að láta gera nýtt holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfilegs frests, sem byggingarfulltrúi ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Breiðdalshreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1985. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðarmörkum húsa. Heimlagnir og viðhald þeirra eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Sveitarstjóri og byggingarfulltrúi, undir yfirstjórn hreppsnefndar fara með stjórn framkvæmda, er holræsakerfi kaupþúnsins varðar. Heimilt er sveitarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu, ef krafist verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyriræmum umsjónarmanns á öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, olíur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0,20% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar eins og það er reiknað á hverjum tíma þó aldrei lægra en kr. 500,00. Lágmarksgjald þetta skal endurskoða 1. janúar ár hvert og breytast í sama hlutfalli og fasteignamat í Breiðdalshreppi. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur hreppsnefnd lækkað eða hækkað um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð

Þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögverði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með fasteignamatsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagar holræsagjalda eru hinir sömu og annarra fasteignagjalda ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 15 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi í Breiðdalshreppi nr. 288 17. október 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júní 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Dalvíkur.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allar vatnslagnir á veitusvæði Vatnsveitu Dalvíkur, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Vatnsveita Dalvíkur er eign Dalvíkurbæjar og skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með eigin reikningshaldi undir yfirtjórn bæjarstjórnar Dalvíkur. Skulu reikningar hennar fylgja reikningum bæjarsjóðs Dalvíkur til endurskoðunar og samþykktar.

Bæjarstjórn kýs 5 manna veitunefnd til að annast daglega stjórn veitunnar og ræður, að fenginni umsögn veitunefndar veitustjóra, sem annast daglegan rekstur hennar.

3. gr.

Vatnsveita Dalvíkur hefur einkarétt til sölu vatns í Dalvíkurkaupstað og nýtingar vatnslinda í landi kaupstaðarins til vatnsnota sbr. 1. gr.

Þeir vatnsnotendur, sem ekki hafa tengdar heimæðar sínar aðalvatnsveitukerfinu, og óska eftir að nýta vatnslind í landi kaupstaðarins til eigin þarfa, skulu sækja um sérstakt leyfi til veitunefndar þar að lútandi. Veitunefnd setur skilyrði fyrir þess konar vatnsnotum og ákveður greiðslu fyrir þau.

4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi kaupstaðarins með hvers konar jarðraski eða mannvirkjagerð og þess skal gætt að grunnvatn í bæjarlandinu spillist ekki af völdum olíu eða afrennslisefna, sem valdið geta tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns. Heimilt er bæjarstjórn að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í landi kaupstaðarins, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neysluvatns.